

Til sjávar

4. tbl 2. árg. nóvember 1998

Ráðstefna og opið hús

Í tilefni af ári hafsins efnir Siglingastofnun í samstarfi við samgönguráðuneytið til ráðstefnu um öryggismál sjómanna. Af sama tilefni verður einnig opið hús hjá stofnuninni.

Ráðstefnan ber yfirskriftina [Aukið öryggi og hagkvæmari sjósókn](#). Hún verður haldin að Hótel Loftleiðum föstudaginn 20. nóvember nk. Þar verður m.a. nýr áfangi í upplýsingakerfi stofnunarinnar um veður og sjólag formlega tekinn í notkun (sjá bls. 4-5). Til ráðstefnunnar mæta sérfræðingar víða að, innan og utan Siglingastofnunar. Einnig koma til landsins tveir norskir fræðimenn sem hafa unnið með stofnuninni. Ráðstefnan er öllum opin og enginn aðgangseyrir. Allir áhugamenn um öryggi sjófarenda eru hvattir til að sækja hana.

Á ráðstefnunni verður gerð grein fyrir helstu verkefnum stofnunarinnar í öryggismálum sjófarenda. Þar koma einnig fram viðhorf viðskiptavina stofnunarinnar, útgerðarmanna og sjómanna, um hvað sé brýnast í öryggismálum sjófarenda í framtíðinni, sem og skoðanir þeirra á þjónustu stofnunarinnar.

Daginn eftir ráðstefnuna, laugardaginn 21. nóvember, efnir stofnunin til opins húss, frá kl. 13-17. Í höfuðstöðvum Siglingastofnunar að Vesturvör 2 í Kópavogi (fyrir neðan Kársnesbraut) gefst almenningi kostur á að kynna sér fjölþætta starfsemi stofnunarinnar. Af þessu tilefni hefur verið gefinn út bæklingur um starfsemina og verður honum dreift til gesta. Sérfræðingar á hverju sviði kynna starfsemina. Dagskráin ætti ekki síður að höfða til barna en fullorðinna. Það sem m.a. verður á dagskrá opins húss er:

- Blikkandi baujur vísa leið að húsnæði stofnunarinnar.
- Hægt verður að skoða ýmsan skipsbúnað, innandyra og utan.
- Þróun vitabúnaður verður til sýnis.
- Í tilraunasal verður uppi líkan af Vopnafjarðarhöfn
- Stöðugleiki skipa verður kynntur. • Upplýsingakerfið um veður og sjólag og DGPS kerfið verða kynnt.
- Aðgangur verður að skipaskrá á Netinu.
- Ýmis kynningar- og fræðslumyndbönd verða sýnd.
- Mælingabátur stofnunarinnar verður til sýnis.
- Teikningar af höfnum, sjóvarnagörðum og skipum verða til sýnis.
- Tiltekinn fjöldi skipaskráa verður gefinn til áhugasamra auk þess sem fréttá- og kynningarefni verður dreift.

Allt áhugafólk um öryggi sjófarenda er hvatt til að nota þetta tækifæri og mæta á opið hús.

Frá forstjóra

Siglingastofnun Íslands er þjónustu-stofnun sem ætlað er að vinna að öryggi sjófarenda og því, að skapa hagkvæmar og öruggar aðstæður til fiskveiða og siglinga við landið. Í tilefni af ári hafsins hefur stofnunin í samráði við samgönguráðuneytið ákveðið að gangast fyrir kynningu á verkefnum sínum og starfsemi. Þetta verður annars vegar gert með því að boða til ráðstefnu undir kjörorðunum „Aukið öryggi, hagkvæmari sjósókn“ þann 20. nóvember næstkomandi og síðan með opnu húsi hjá stofnuninni þann 21. nóvember.

Á ráðstefnunni verður af hálfu stofnunarinnar gerð grein fyrir helstu verkefnum sem hún er að fást við. Þá höfum við fengið fulltrúa ýmissa hópa viðskiptavina svo sem sjómanna, útgerðarmanna og skipahönnuða til að tjá sig um, hvað brýnast sé í öryggismálum sjófarenda í nánustu framtíð. Jafnframt erum við að kalla eftir skoðunum viðskiptavina okkar á þjónustunni, sem við veitum. Erum við á réttri braut, eru einhver verkefni sem við sinnum ekki en ættum að gera, getum við hætt að sinna einhverjum verkefnum, hvernig getum við bætt þjónustuna o.s.frv.? Daginn eftir ráðstefnuna verður síðan opið hús í aðalstöðvum stofnunarinnar í Kópavogi, þar sem almenningi gefst kostur á að kynna sér starfsemina.

Það er von okkar að með kynningu af þessu tagi náist betra samband við þá aðila sem við eigum að þjónusta og jafnframt verði hægt að aðlaga starfsemi stofnunarinnar þörfum viðskiptavinanna. Mjög ör þróun er nú í öllum þeim verkefnaflokkum sem Siglingastofnun er að fást við og markmiðið er að stofnunin verði virkur þátttakandi í því ferli.

Framtíð vitavarðahúsa Ferðapjónusta í stað búsetu



Á undanförunum árum hefur sú þróun átt sér stað að föst búseta vitavarða hefur verið að leggjast af. Er nú svo komið að aðeins einn vitavörður í fullu starfi býr í húsnæði sem að öllu leyti er rekið af Siglingastofnun, þ.e. á Stórhöfða í Vestmannaeyjum. Á Dalatanga og Sauðanesi er húsnæðið leigt mönnum sem sinna jafnframt vitavörslu í aukastarfi. Tómas Sigurðsson, forstöðumaður vitasviðs, segir markmið stofnunarinnar vera þau að þar sem búseta er lögð af við vita þá sé reynt að selja húsnæðið eða koma því í leigu.

Ýmsir aðilar hafa á undanförunum árum falast eftir híbýlum fyrrverandi vitavarða. Náttúruvernd ríkisins hefur t.d. falast eftir afnotum af neðri hæð Bjargtangavita fyrir fræðslustarfsemi um fuglalíf og náttúruna. Vel hefur verið tekið í þá málaleitan. Einnig ætla sömu aðilar að vera í samstarfi um bætt aðgengi ferðamanna í kringum vitann í Dyrhólaey, með lagningu göngustíga o.fl.

Ýmsir aðilar hafa einnig lýst áhuga á því að nýta húsnæðið við Hornbjargsvita undir ferðapjónustu. Engin ákvörðun hefur þó verið tekin um framtíð húsanna á Hornbjargi.

Vitavarðarhúsið á Reykjanesi var selt fyrr á þessu ári. Kaupendurnir eru börn fyrrverandi vitavarðar á Reykjanesi, Sigurjóns Ólafssonar (vitavörður 1947-1976).

Kynningarfundir um stöðugleika



Í kjölfar skýrslu Siglingastofnunar um stöðugleika íslenskra fiskiskipa, sem kom út í febrúar 1997, ákvað samgönguráðherra að hrinda af stað átaksverkefni þar sem lögð yrði áhersla á eftirfarandi þrjá verkþætti:

- 1. Láta fara fram mælingar/útreikninga á skipum sem vantar upplýsingar um eða eru með ófullkomin stöðugleikagögn.**
- 2. Yfirfara og endurskoða núgildandi reglugerðir um stöðugleika svo og allt verklag við framkvæmd og eftirlit með stöðugleikamálum.**
- 3. Gera átak í kynningar- og fræðslumálum um stöðugleika.**

Við upphaf átaksins vantaði stöðugleika-gögn fyrir 129 skip. Í dag vantar gögn fyrir 9 skip og eru þau í vinnslu. Breytingar voru gerðar á reglum um stöðugleika um síðustu áramót. Og nú er hafið átak í kynningar- og fræðslumálum en alls verða haldnir 20-30 fundir um stöðugleikamál um allt land. Nánari upplýsingar um fundina er að finna hjá samgönguráðuneytinu (www.stjr.is/sam) og Siglingastofnun (www.sigling.is). Leiðbeinendur á fundunum koma frá Siglingastofnun, Stýrimannaskólanum í Reykjavík, skipstjórnarbraut Framhalds-skólans í Vestmannaeyjum og útvegssviði Verkmenntaskólans á Akureyri í Dalvík.

Af þessu tilefni hafa sérstök skipslíkön verið smíðuð til sýnikennslu og bandarískt myndband um stöðugleika skipa þýtt og talsett.

Kynningarundirnin eru ætlaðir útgerðarmönnum og sjómönnum á skipum af hvaða stærð sem er.

Nýsmíði og breytingar á skipum



Áður en nýsmíði eða breytingar á skipum hefjast ber eiganda að tilkynna það til Siglingastofnunar. Áður en smíði hefst skal sá sem tekið hefur hana að sér senda inn smíðalýsingu, teikningar og önnur gögn til yfirferðar og samþykktar hjá Siglingastofnun. Smíði á ekki að hefjast fyrr en teikningar hafa verið samþykktar af stofnuninni. Þetta á við um allar breytingar um borð í skipum og bátum. Borið hefur á því að hafist hafi verið handa án þess að stofnuninni hafi borist gögn og getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir öryggi skips og áhafnar.

Fjöldmargar teikningar þarf að senda inn vegna smíði og breytinga. Í reglum um smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m að lengd kemur fram að áður en t.d. smíði bols er hafin skal senda inn til samþykktar þrjú eintök af eftirtöldum teikningum:

Fyrirkomulagsteikning - Miðband -Langskurður - Þilför -

Byrðingur /skjólborð/austurop - Vatnspétt þil - Botnhylki/geymar - Framstefni með styrkingum - Afturstefni/afturskip - Stýri/stýrisbúnaður - Lúgur/vatnspéttar hurðir - Yfirbyggingar og þilfarshús -Vélaundirstöður - Möstur/bómur/segli/reiði - Gálgar/annar fiskibúnaður - Undirstöður undir vindur og tæki á þilfari -

Fyrirkomulag í lest ásamt teikningu af lestarstöðum og upplýsingum um lestarborð -

Fyrirkomulag á þilfari/stoðir/ stíur/ fyrirkomulag legufæra og akkerisvindu -

Rafsuða/suðuröð - Ísstyrking.

Auk þess skal senda inn stöðugleika-útreikninga og réttiarmsboglínur (GZ-línur), samkvæmt reglum um stöðugleika fiskiskipa.

Skönnun á skipateikningum

Í lok síðasta árs var vinna við skönnun 25.000 skipateikninga, af stærðinni A-3 til A-0 í vörslu stofnunarinnar, boðin út. Mikill áhugi var fyrir útboðinu og að loknu forvali voru valdir sjö aðilar sem höfðu þekkingu og reynslu af sambæri-legum verkefnum. Tilboð voru á bilinu 5,5 millj. kr. til 28,5 millj. kr. Lægsta tilboðið var frá VSÓ ráðgjöf.

Markmiðið verkefnisins var að:

- auka öryggi við geymslu á gögnum.
- auðvelda leit að tilteknum teikningum.
- auka líftíma/gæði teikninga.
- gera meiri kröfur til þeirra sem eru að teikna skip og báta.

Stefna stofnunarinnar er sú að gera skipa- og bátahönnuðum kleift að skila inn öllum teikningum á tölvutæku formi, t.d. skönnuðu.

Stuttar fréttir

Hafnaáætlun 1999-2002

Halldór Blöndal, samgönguráðherra, lagði drög að hafnaáætlun 1999-2002 fyrir ríkisstjórn 3. nóvember sl. Áætlunin fer því næst til umsagna hjá hafnaráði, Hafnasambandi sveitarfélaga og þingflokki. Fjallað verður nánar um áætlunina í næsta fréttabréfi.

Öryggi í höfnum

Unnið er að nýjum reglum um slysavarnir í höfnum. Af því tilefni hefur Siglingastofnun leitað eftir tillögum í þessum efnum frá ýmsum aðilum, m.a. Slysavarnafélaginu og Vinnueftirliti ríkisins. Nánar um þetta síðar.

Nýr starfsmaður

Skrifstofusviði Siglingastofnunar hefur bæst liðsauki. Aðalheiður Þóra Sigurðardóttir hefur hafið störf í bókhaldi. Aðalheiður starfaði áður hjá fyrirtækinu Vogabæ.

Lyfjahandbók

Útgáfa nýrrar lyfjahandbókar, í samræmi við reglugerð nr. 365/1998 um heilbrigðisþjónustu, lyf og læknisáhöld um borð í íslenskum skipum, hefur dregist nokkuð. Handbókin er væntanleg úr prentun um mánaðamótin nóvember/ desember nk. og þá verður send tilkynning til hlutaðeigandi.

Ný reglugerð

Aðeins ein ný reglugerð, sem varðar beint starfsemi stofnunarinnar, hefur tekið gildi frá útgáfu síðasta fréttabréfs: Reglugerð um innflutning, sölu og uppsetningu á GMDSS fjarskiptabúnaði í skip, 513/1998 (S01 - 2.2.3.6).

Torremolinos - öryggi fiskiskipa

Nú er ljóst að tilskipun ESB nr. 97/70 um öryggi fiskiskipa, sem byggir á ákvæðum svokallaðrar Torremolinos bókunar, mun ekki öðlast gildi hér á landi 1. janúar 1999 eins og sagt var frá í 1. tbl. 1998. Gildistakan dregst væntanlega fram á mitt næsta ár. Fjallað verður nánar um tilskipunina um leið og tilefni verður til.


Nýr áfangi í upplýsingakerfinu um veður og sjólag

Öldu- og veðurspár nokkra daga fram í tímann

Talsverðar áherslubreytingar hafa orðið á undanförunum árum í þjónustu Siglingastofnunar við sjófarendur. Vitarnir voru allt fram á þennan áratug helsti leiðsögubúnaðurinn. Leiðréttingakerfi við GPS kerfið, svonefnt DGPS, kom til sögunnar í lok ársins 1992. Auk þessa leiðsögubúnaðar hafa sjófarendur haft aðgang að ítarlegum upplýsingum um veður og sjólag með tilkomu upplýsingakerfis Siglingastofnunar á árinu 1996.

Upplýsingakerfið um veður og sjólag hefur verið starfrækt frá árinu 1996 þegar opnaður var aðgangur að því í gegnum talgervil, síma 902-1000. Í lok ársins 1997 var upplýsingakerfið einnig gert aðgengilegt á heimasíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is. Í lok nóvembermánuðar 1998 verður síðan nýtt spákerfi m.a. fyrir öldur og veður tekið í notkun.

Í dag eiga sjófarendur kost á raunmælingum um veður og sjólag, þ.e. fá upplýsingar um ástand sjávar og veðurs eins og það er á hverjum tíma. Upplýsingarnar eru alltaf nýjar, berast á klukkustundarfresti. Kerfið byggir á gögnum frá 8 ölduduflum og 30 sjálfvirkum veðurstöðvum í vitum og höfnum. Stöðugt er unnið að því að efla kerfið með nýjum veðurstöðvum og ölduduflum. Í sumar var t.d. sett upp ný veðurstöð í Papey og í vor var nýju öldudufli komið fyrir vestur af Blakknesi. Upplýsingakerfið hefur fengið góðar viðtökur og það hefur hvatt stofnunina til að halda áfram uppbyggingu þess. Ákvörðun um sjósókn byggist á mörgum aðskildum þáttum. Veður og sjólag þann dag sem á að róa skiptir auðvitað miklu og þá getur aðgangur að nýjum upplýsingum um veður og sjólag oft skipt höfuðmáli, sem og aðgangur að sjóveðurspá Veðurstofunnar. Á þessu ári hefur verið unnið markvisst að því að þróa spákerfi (sjá 2. tbl. af Til sjávar) fyrir fleiri veður- og sjólagsþætti. Á ráðstefnu stofnunarinnar þann 20. nóvember nk. verður nýr áfangi í upplýsingakerfinu um veður og sjólag formlega tekinn í notkun. Þeir þættir sem koma til viðbótar eru spár og viðvaranir 4-6 daga fram í tímann um:



- veður
- ölduhæðir
- hættulegar öldur (brotöldur) og öryggismörk minni fiskiskipa
- sjávarflóð
- sjávarföll og sjávarfallastrauma

Ennfremur er unnið að því að senda út spár og viðvaranir um ísingarhættu og reikniforsendur fyrir rek á olíu, gúmmibátum og fljótandi hlutum.

Á grundvelli ölduspár og áhættumats er unnt að spá fyrir um hættulegar öldur (brotöldur). Hætta á þeim er háð sjólagi en einnig er tekið mið af tíðni slysa og ásættanlegri áhættu. Með hliðsjón af stöðugleikagögnum getur stjórnandi skipsins metið hættu á alvarlegum áföllum fyrir skipið. Upplýsingarnar í þessu nýja spákerfi byggja m.a. á veðurspá og ölduhæðaspá frá evrópskri veðurstofu í Englandi í samvinnu við Veðurstofu Íslands. Á heimasíðu Siglingastofnunar, www.sigling.is, eru þessar upplýsingar aðgengilegar og þar tala myndirnar sínu máli. Einnig er áformað að útbúa sérstakt kynningarefni fyrir upplýsingakerfið í heild sinni. Sjófarendur eru hvattir til að kynna sér þessar nýjungar og hagnýta sér upplýsingarnar í þágu eigin öryggis. Á ráðstefnunni 20. nóvember verður enn frekari grein gerð fyrir þessum áfanga.

Niðurstöður útboða

Niðurstöður útboða á vegum Siglingastofnunar eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar, www.sigling.is fljótlega eftir opnun tilboða. Í síðasta fréttabréfi birtust niðurstöður útboða sem höfðu farið fram til nóvember 1998. Frá þeim tíma hafa verið opnuð tilboð í eftirfarandi verk.

Dags.	Heiti útboðs	Kostn.áætl.	Lægsta tilboð	%	Verktaki m. lægsta tilboð	Fj. tilb.
10.09.1998	Vestmannaeyjar - Friðarhafnarkantur, endurbyggt stálþil	45.341.200	34.625.550	76%	Gáma- og tækjaleiga Austurlands	6
15.09.1998	Þorlákshöfn/Hornafjörður - Dýpkun 1998	18.500.000	13.903.000	75%	Björgun ehf.	1
17.09.1998	Grundartangahöfn - Þekja	41.117.500	35.671.845	87%	Ístak hf.	5
22.09.1998	Siglufjörður-Viðlega smábáta	5.764.723	4.686.960	81%	Guðlaugur Einarsson ehf., Hafnarf.	3
24.09.1998	Blönduós, Skagaströnd og Kálfsamarsvík Sjóvarnir -	8.656.400	4.855.900	56%	Víðimelsbræður ehf.	3
08.10.1998	Vestmannaeyjar Grjótvarnir	4.450.000	4.569.000	103%	Borgarvirki ehf. og Bergbrot ehf.	2
03.11.1998	Ísafjörður Garður við stálþil og fyrirstöðugarður	18.600.000	14.819.000	80%	Norðurtak ehf. Sauðárkróki	4

Framtíðarskipan hafnamála

Dagana 17. og 18. september sl. var 29. ársfundur Hafnasambands sveitarfélaga haldinn í Vestmannaeyjum. Frá fundinum voru afgreiddar ýmsar ályktanir og er hér getið ályktunar um framtíðarskipan hafnamála.

Í ályktuninni er lagt til að stjórn sambandsins hafi frumkvæði að því að skipaður verði samráðshópur samgönguráðuneytisins og Hafnasambandsins til að vinna að tillögum um breytta skipan hafnamála. Meginverkefni í slíkum viðræðum væru eftirfarandi: 1. Endurskoðun á yfirstjórn hafnamála og leikreglum um samskipti ríkis og sveitarfélaga hvað varðar fjármögnun framkvæmda og ákvörðun gjaldskrár. 2. Breyting á ákvörðun hafnargjalda. Frelsi hafna verði aukið í gjaldskrármálum þannig að notendur greiði í auknum mæli kostnað við mannvirkjagerð og þjónustu. 3. Hafnir verði flokkaðar eftir fjárhagslegri getu og hafnargjöld ákveðin þannig að stærri hafnir geti staðið undir og borið fulla ábyrgð á rekstri og nýframkvæmdum. 4. Setja þarf reglur um hvernig styðja skuli litlar hafnir sem ekki hafa tekjur eða aðrar forsendur til að standa undir rekstri eða nýframkvæmdum. 5. Leggja þarf mat á

þarfir þeirra hafna, þar sem bæta þarf náttúrulegar aðstæður með dýrum skjólgörðum eða öðrum aðgerðum. 6. Samræma þarf gjaldtöku milli mismunandi flutningamáta.

Árni Þór Sigurðsson, formaður hafnarstjórnar Reykjavíkur, var kjörinn formaður Hafnasambandsins.

Fjárveitingar til hafnamála 1975-1999



Hér að neðan er að finna súlurit yfir heildarfjárveitingar* til hafnamála sl. 25 ár eða á tímabilinu 1975 til 1999. Hér er eingöngu um að ræða framlag ríkisins en ekki heildarkostnað við hafnarframkvæmdir á tímabilinu. Framlag ríkisins til hafnarframkvæmda hefur breyst talsvert á þessu tímabili. Fram til 1990 annaðist ríkið rekstur landshafna (Þorlákshöfn, Keflavík-Njarðvík og Rifshöfn) og fjármagnaði framvæmdir við þær að fullu. Frá 1990 hafa allar hafnir verið í eigu sveitarfélaganna. Greiðslubáttaka ríkisins hefur einnig breyst á þessu tímabili, þ.e. hve hátt hlutfall ríkið greiðir af framkvæmdakostnaði. Skýringa á því hvers vegna fyrstu tvö árin í þessu yfirliti gnæfa upp úr, er að leita í hinum umfangsmiklu framkvæmdum sem áttu sér stað í Þorlákshöfn eftir Vestmannaeyjagosið. Árin 1985-86 skera sig einnig úr en þar finnast merki um afleiðingar erfiðs verðbólguþess og samdráttar- og erfiðleikatímabils í þjóðfélaginu. Undanfarin 10 ár hefur framlag ríkisins verið frá um 600 m.kr. til tæplega 1000 m.kr.

Í komandi fréttabréfum er ætlunin að skoða ýmsar aðrar hliðar á skiptingu fjármagns til hafnamála í aldarfjórðung.

Starfsmenn á vitasviði

Guðjón Frimannsson, útiverkstjóri. Fæddur þann 22. nóvember 1928 í Hafnarfirði. Lauk fyrsta stigi í Stýrimannaskólanum og sótti vélstjóranámskeið. Stundaði sjómennsku frá 1943-1972, ýmist sem skipstjóri, stýrimaður, vélstjóri eða háseti. Hóf störf hjá Siglingastofnun (áður Vita- og hafnamálum) 1972 sem vélstjóri á dýpkunarskipinu Hásk og síðar útiverkstjóri. Kona Guðjóns hét Kristín Alda Jónsdóttir, húsmóðir, og eignuðust þau fimm börn.



Sigurður Anton Jónsson, starfsmaður á lager og í þjónustu. Fæddur 28. febrúar 1929 í Öxarfirði. Búfræðingur að mennt. Kom til starfa hjá Siglingastofnun (áður Vita- og hafnamálum) 1958, vinnuvélastjóri í 20 ár og síðan á lager og í sendiferðum. Sigurður vann áður sem leigubílstjóri og eitt ár sem vélgæslumaður. Hann er kvæntur Katrínu Björgvinsdóttur, skrifstofumanni, og eiga þau fjögur börn.



Guðmundur Bernódusson, rafvirki. Fæddur 9. júlí 1948 í Bolungarvík. Lauk rafvirkjanámi frá lönskólanum í Reykjavík. Guðmundur kom til starfa hjá stofnuninni árið 1982. Starfaði áður m.a. hjá RARIK, Orkubúi Vestfjarða, sem verkstjóri í skelfiskvinnslu og vitavörður í Galtarvita. Guðmundur er kvæntur Sigríði Hannibalsdóttur, matráðskonu, og eiga þau tvö börn.



Sigurjón Eiríksson, rafvirki. Fæddur 1. apríl 1956 í Reykjavík. Lauk rafvirkjanámi frá lönskólanum í Reykjavík og ýmis konar námskeiðum í rafvirkjun. Sigurjón kom til starfa hjá Siglingastofnun í maí 1997 en áður starfaði hann hjá Mosraf hf. í Mosfellsbæ. Kvæntur Helgu Einarsdóttur, hjúkrunarfræðingi, og eiga þau þrjú börn.



Erla Hjartardóttir, matráðskona. Fædd 21. nóvember 1936 á Seltjarnarnesi. Gagnfræðingur að mennt og svæðanuddari. Erla kom til starfa hjá Siglingastofnun (áður Vita- og hafnamálum) árið 1990. Var áður heildsali en hefur einnig unnið sem dagmóðir, kaupmaður, ráðskona og á lögfræði-skrifstofu. Erla er gift Kristjáni Haraldssyni, forstöðumanni, og eiga þau fjögur börn.





Böðvar Jónasson, birgðastjóri. Fæddur í Skerjafirði 8. apríl 1931. Lauk námi frá lðnskólanum í Reykjavík og Meistaraskóla húsasmíða. Hóf störf hjá Vita- og hafnamálum (síðar Siglingastofnun) árið 1959. Vann sem verkstjóri á trésmíðaverkstæði, síðar verkstjóri við hafnargerð og vitabyggingar og annast nú umsjón birgða og útréttinga. Böðvar er kvæntur Ernu Aradóttur, hjúkrunarfræðingi, og eiga þau eitt barn.

Sigurður Sigurðsson, yfirverkstjóri. Fæddur 20. mars 1943 í Vestmannaeyjum. Hefur lokið minna mótörvélstjórprófi, lðnskóla Vestmannaeyja og er með meistararéttindi í vélvirkjun. Sigurður starfaði sem vélstjóri á ýmsum bátum í Vestmannaeyjum, var vélvirkjanemi hjá Vélsmiðjunni Magna hf. og vaktformaður hjá Fiskimjölsværksmiðju Einars Sigurðssonar áður en hann kom til starfa hjá stofnuninni árið 1974. Sigurður er kvæntur Elínu Grétu Kortsdóttur, kennara.



Ísak Þórir Þorkelsson, plötu- og ketilsmíðameistari. Fæddur í Reykjavík 28. september 1932. Plötu- og ketilsmíðameistari að mennt. Vann hjá Landssmiðjunni í 26 ár, frá 1947. Ísak hefur starfað hjá Vita- og hafnamálum (síðar Siglingastofnun) frá árinu 1973 í viðgerðarþjónustu og nýsmíði. Hann er kvæntur Álfheiði Þóru Þórðardóttur, húsmóður, og eiga þau eitt barn.



Ingvar Hreinsson, verkstjóri. Fæddur 1. apríl 1957 í Hafnarfirði. Lauk námi í steinsmíði 1981 frá lðnskólanum í Reykjavík. Hefur unnið við múrverk frá árinu 1972, hjá Sigfúsi Jónssyni, Þórisósi, Byggung og sjálfstætt. Stofnaði og var um tíma framkvæmdastjóri Múrvangs hf. Hóf störf hjá stofnuninni 1995 og sinnir eftirliti og viðhaldi fasteigna. Ingvar er kvæntur Jónu Laufeyju Jóhannsdóttur, klæðskera, og eiga þau tvö börn.



Gísli Ófeigsson, rafeindavirki. Fæddur í Reykjavík 15. september 1952. Lauk stúdentsprófi úr máladeild Verslunarskóla Íslands 1974 og prófi í rafeindavirkjun 1979. Starfaði hjá Radíóþjónustu Bjarna 1979-1981. Gísli hefur starfað hjá Vita- og hafna-málum (síðar Siglingastofnun) frá árinu 1981. Hann er kvæntur Guðrúnu Bjarnadóttur, starfsmanni á leikskóla, og eiga þau tvö börn.



Ingvar Engilbertsson, starfsmaður við dýptarmælingar, botnrannsóknir o.fl. Fæddur 23. nóvember 1954 í Vestmannaeyjum. Hefur lokið réttindanámi skipstjóra á 30 rúmlesta bátum og er með vélstjórnarréttindi á litla báta. Ingvar kom fyrst til starfa hjá stofnuninni árið 1974 og vann þar með hléum til 1980. Hefur einnig unnið hjá Jarðborunum. Frá 1981 hefur Ingvar verið í fullu starfi hjá stofnuninni. Ingvar er ókvæntur og barnlaus.



Ólöf Jóna Oddsdóttir, matráðskona. Fædd 4. október 1944 í Reykja-vík. Hefur lokið matsveinsnámi frá Hótel-og veitingaskólanum og smurbrauðsnámi. Ólöf kom til starfa hjá stofnuninni árið 1994 en vann áður á ýmsum veitingastöðum og í mötuneytum. Ólöf á tvö börn.

